Hnefaleikarnir lifðu bæði tíma áhuga og deyfðar

ÍR-ingar voru upphafsmenn á mörgum sviðum íþróttanna og á öðrum vildu þeir ekki vera eftirbátar annarra. Af þeim sökum tók félagið áhugamanna-hnefaleika – nú ganga þeir undir heitinu ólympískir hnefaleikar – á starfsskrá sína 1943. Kennari var ráðinn Þorsteinn Gíslason málari, öðru nafni Steini box; gamalkunnur hnefaleikamaður sem lært hafði íþróttina í Danmörku. Hann var talinn afbragðskennari og færasti kunnáttumaður í hnefaleika-þjálfun sem þá var til í landinu. Var umsamið kaup hans 15 krónur á tímann. Iðkun hnefaleika hófst í ÍR um haustið og með því fékk Ármann bæði samherja og keppinaut í þessari grein. Reyndar höfðu hnefaleikar verið iðkaðir innan veggja ÍR-hússins löngu áður því haustið 1931 fékk Boxfélag Reykjavíkur Bláa salinn svonefnda leigðan til æfinga.

Formaður félagsins og aðalþjálfari var Reidar Sörensen sem mikið starfaði innan ÍR á þessum árum og fyrr og síðar. Um svipað leyti tóku nokkrir félagar úr Sundfélaginu Ægi að æfa hnefaleik undir leiðsögn Jóns D. Jónssonar sundkappa. Æfingar beggja félaga fóru fram í ÍR-húsinu og stóðu yfir í tvo vetur.

Þá hafði ÍR átt einn af keppendum fyrsta hnefaleikamóts Ármanns 1941, Sigurð Sigurðsson, sem æfði hjá Ármanni, en hann var driffjöður í hnefaleikastarfi ÍR. Mótið fór fram í íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar 11. júní og varð Sigurður í öðru sæti í þungavigt, tapaði úrslitaviðureigninni á stigum.

Aðsókn reyndist meiri í hnefaleika en aðrar íþróttagreinar hjá ÍR þegar vetrarstarfið hófst haustið 1943. Æfingar voru fimm daga í viku í ÍR-húsinu við Túngötu, samæfingar í stærri salnum þriðjudaga og sunnudaga en kennslan fór þó fyrst og fremst fram í Bláa salnum þriðjudaga, miðvikudaga,

föstudaga og laugardaga. Heppilegra og árangursríkara var talið að hafa fáa menn í hverjum tíma svo þeir nytu kennslunnar betur. Voru því 6–8 menn í hverjum tíma og vegna þessa fyrirkomulags urðu hnefaleikamennirnir að greiða aukagjald fyrir kennsluna, sem nam um 200 krónum á mann yfir veturinn.

Þorsteinn átti að hluta til frumkvæði að því að ÍR tók hnefaleika upp á arma sína. Og segir í samtali í óbirtri skýrslu á vegum Árbæjarsafns að hann hafi stofnað hnefaleikadeild með ÍR-

Úrslitaviðureignin í millivigt á fyrsta Íslandsmeistaramótinu í hnefaleikum sem haldið var á Melavelli sumarið 1936. Sveinn Sveinsson og Halldór Björnsson berjast en dómarinn Reidar Sörensen fylgist grannt með.

ingum. „Við byrjuðum að iðka hnefaleika í gamla ÍR-húsinu. Við höfðum fyrst ekkert húspláss og ef við hefðum ekki fengið aðstöðuna í ÍR-húsinu þá hefði ekki orðið neitt úr neinu. Það var mikill léttir að fá þetta pláss. Það var voða fín aðstaða í ÍR-húsinu, ekkert undan henni að kvarta," segir Þorsteinn í samtalinu.

Hann segir menn úr setuliðinu hafa sótt æfingar í ÍR-húsið á stríðsárunum. Það hafi verið góður skóli, í hernum hafi verið afburðaboxarar. „Við héldum mót með þeim og sýndum með þeim og það var alltaf eitthvað að gerast. Það þótti mikið sport að fá að boxa við þá. Herinn æfði mikið í Bláa salnum hjá okkur, strákar úr hernum, bæði þeim breska og ameríska, komu á æfingar til okkar og æfðu mikið með okkur," bætir Steini box við.

Græddu á fyrsta ÍR-mótinu

Keppni í hnefaleikum var aldrei haldin í ÍR-húsinu, bæði mót og sýningar voru haldnar víða um bæ. Til dæmis í Gamla bíói og íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar, en aðallega á Hálogalandi eftir að íþróttahúsið þar kom til skjalanna. „Það var alltaf eitthvað að gerast í boxinu, mótum skellt upp mánaðarlega," segir hann einnig.

Þorsteinn setti á fót sinn eigin hnefaleikaskóla og sagði boxið hafa verið mjög vinsælt á fjórða og fimmta áratugnum og allt þar til íþróttin var bönnuð með lögum 1956. Skólann starfrækti hann aðallega í ÍR-húsinu. Hann sagðist þakklátur ÍR fyrir hjálpsemi félagsins og forsvarsmanna þess í garð boxins á sínum tíma. Hann segir félagið hafa stuðlað að öflugum framgangi íþróttarinnar og afar gófugt væri að ÍR-húsið skyldi flutt á Árbæjarsafn.

Hnefaleikastarf ÍR má teljast hafa farið vel af stað. Eftir skamman æfingatíma hélt félagið myndarlegt innanfélagsmót í húsi Jóns Þorsteinssonar sunnudaginn 26. mars 1944. Seldust 279 aðgöngumiðar, sem kostaði 10 krónur hver, þar af 132 í forsölu í bókaverslun Ísafoldar, og varð rúmlega 2.200 króna hagnaður af mótinu. Þess vegna gat hnefaleikanefnd ÍR haldið kaffikvöld fyrir keppendur og starfsmenn þar sem sigurvegurunum voru afhent verðlaun.

Á móti þessu kom fram einhver efnilegasti og þunghöggasti hnefaleikari sem hér hefur sést, Jóhann Eyfells úr ÍR. Keppti hann aðeins þennan eina vetur, en vann leiki sína jafnan á rothöggi. Annar maður sem þarna keppti, Grétar Árnason, átti eftir að láta mikið að sér kveða á næstu árum en hann var sigursælasti boxari ÍR fyrr og síðar. Grétar var einn af eigendum Þ. Jónsson & Co. og starfaði þar í áratugi. Hann var þrautþjálfaður í skíðagöngu og afreksmaður þar. Sem slíkur var hann í hópi vaskra skíðamanna sem hóað var saman til að freista þess að bjarga nokkru af farmi flugvélarinnar Geysis, nokkru eftir að hún brotlenti á Vatnajökli. Það var mikil þrekraun en tókst vel.

Tæplega 1.700 áhorfendur á Hálogalandi og strætó fór margar aukaferðir

Keppendur voru 17 í fimm þyngdarflokkum á fyrsta ÍR-mótinu, þar af tveir gestir úr KR. Í léttasta flokknum, léttvigt, hafði Ragnar Þorsteinsson betur gegn Halli Símonarsyni. Ragnar varð síðar formaður skíðadeildar ÍR og stjórnarmaður í félaginu og Hallur keppti í frjálsíþróttum fyrir ÍR og var síðar íþróttablaðamaður í áratugi.

Æfing í ÍR-húsinu. 1. f.v. Halldór Björnsson ÍR, 4. f.v. Thor Thors, 5. f.v. Þorsteinn Gíslason þjálfari.

Harald Halldórsson varð hlutskarpastur fjögurra keppenda í veltivigt. Fyrst vann Eyjólfur Árnason (KR) Gunnar Þorvarðarson og síðan vann Harald Grétar Árnason. Mættust því Eyjólfur og Harald í úrslitaleik þar sem ÍR-ingurinn hafði betur. Í millivigt varð Jóhann Eyfells sigurvegari og vann Helga Sigfússon á rothöggi í þriðju lotu. Ingólfur Ólafsson (KR) hafði unnið Garðar Guðjónsson, en gaf úrslitaleikinn við Jóhann. Í léttþungavigt hafði Lúðvík Jónsson betur gegn Jóni Kristjánssyni. Kristinn Bergþórsson vann Gissur Guðmundsson í þyngsta flokknum, þungavigt, og átti síðan að keppa við þriðja keppandann, Kristbjörn Þórarinsson, sem komist hafði í úrslit. En sá leikur féll niður vegna veikinda Kristbjörns og með úrskurði mótsstjórnar var því

Kristni dæmdur sigur í flokknum. Dómarar voru Guðmundur Arason, Jón D. Jónsson og Peter Wigelund, en hringdómari var Pétur Thomsen.

ÍR sendi annars keppendur á flest önnur mót sem hér voru haldin þennan vetur, en það voru Hnefaleikamót Ármanns 5. febrúar, hnefaleikamót Þorsteins Gíslasonar í apríl og loks fór þriðja Hnefaleikameistaramót Íslands fram 3. maí 1944. Þangað sendi félagið tvo keppendur, Jóhann Eyfells og Kristbjörn Þórarinsson. Stóðu ÍR og Ármann fyrir því móti og var það hið fyrsta sem haldið var í íþróttahúsinu við Hálogaland. Og fyrsta hnefaleikamótið þar sem keppt var við fullkomlega löglegar aðstæður.

Æfing í ÍR-húsinu við Túngötu. Þorsteinn Gíslason þjálfari segir mönnum til. 3. f.v. er Halldór Björnsson.

Áhorfendur troðfylltu húsið, munu hafa verið rúmlega sextán hundruð, sem þótti fullmikið. Enda leið mörgum eins og síldum í tunnu í þrengslunum og hiti í húsinu var illþolandi. Aðgöngumiðar seldust upp á örskömmum tíma og Strætisvagnar Reykjavíkur fóru margar aukaferðir vegna mótsins.

Jóhann Eyfells fyrsti Íslandsmeistari ÍR í boxi

Á þessu móti eignuðust ÍR-ingar sinn fyrsta Íslandsmeistara í hnefaleik. Var það Jóhann Eyfells, sem vann Stefán Jónsson (Á) á rothöggi í þriðju lotu í millivigt. Kom föstu hægrihandarhöggi á höku Stefáns sem féll í gólfið og var talinn út.

Kristbjörn, sem var byrjandi í hnefaleikum, keppti í þungaflokki við Guðmund Arason, þjálfara hjá Ármanni, og stóð sig prýðisvel enda þótt hann sigraði ekki. Hann var mun hærri og þyngri en réð ekki við högghraða og tækni Guðmundar. Frammistaða Kristbjörns vakti athygli og samþykkti stjórn ÍR að veita honum sérstaka viðurkenningu vegna þess. Einn sýningarleikur fór fram, utan keppni, og áttust þar við Kristinn Bergþórsson ÍR og Þorkell Magnússon Ármanni, sem sigraði á stigum.

Áhugi fyrir hnefaleikum hefur líklega sjaldan eða aldrei verið meiri en veturinn 1944–45. Reglubundnar æfingar voru nú einnig hafnar hjá KR og sá Þorsteinn Gíslason um þær. Hann kenndi þó áfram hjá ÍR og hafði ennfremur sinn sérstaka hnefaleikaskóla. Aðstæður til æfinga og móta höfðu batnað mjög þar sem var hið rúmgóða íþróttahús við Hálogaland.

Þá var að frumkvæði ÍSÍ stofnað sérstakt ráð um hnefaleika haustið 1944, Hnefaleikaráð Reykjavíkur, en Þorsteinn Gíslason var fulltrúi

ÍR í því og Sigurður Sigurðsson og Jóhann Eyfells til vara. Hnefaleikar voru sem fyrri vetur kenndir 16 tíma í viku í ÍR-húsinu og voru gjöldin nú ákveðin 100 krónur fyrir byrjendur en 50 krónur fyrir þá sem keppt höfðu fyrir félagið. Jafnframt hafði stjórn ÍR samþykkt að tillögu Þorsteins að væntanlegir keppendur félagsins yrðu nuddaðir en kostnaður við það mátti þó ekki fara fram úr 200 krónum á mánuði. Var Jón D. Jónsson ráðinn til að nudda þessa menn.

Hnefaleikanefnd félagsins þennan vetur skipuðu Sigurður Sigurðsson, Helgi Eiríksson, Grétar Árnason, Þórður Þorkelsson og Haraldur Halldórsson. Í lok maí 1945 urðu þær breytingar á nefndinni, samkvæmt ákvörðun stjórnar ÍR, að hana skipuðu þrír menn, Sigurður Sigurðsson, formaður, Ragnar Þorsteinsson og Þórður Þorkelsson. Sigurður var skipaður í Hnefaleikaráð Reykjavíkur og Grétar og Gissur Guðmundsson til vara. Enn urðu breytingar á hnefaleikanefndinni haustið 1945 er Grétar Árnason tók sæti í henni í stað Ragnars.

Fyrsti kappleikur íslensks og erlends hnefaleikara háður á hnefaleikamóti ÍR

Þennan vetur voru oft háðir æfingakappleikir við hnefaleikara úr breska setuliðinu. Fyrsti opinberi kappleikur íslensks og erlends hnefaleikara hér á landi var háður á hnefaleikamóti ÍR og skóla Þorsteins Gíslasonar 22. mars 1945. Keppendur voru Halldór Björnsson og William Collins liðþjálfi frá London, báðir í léttþungavigt. Úrslit urðu þau að Halldór vann á rothöggi í annarri lotu eftir harðan leik. Alls fóru fram sjö viðureignir í mótinu, þar af tvær milli breskra hermanna eingöngu og var önnur þeirra talin besta viðureign kvöldsins. Þulur mótsins var Alfred Andrésson, vinsælasti gamanleikari þjóðarinnar, og vakti það almenna ánægju mótsgesta.

Viðureign Halldórs og Collins á ÍR-mótinu var hápunktur kvöldsins, enda í fyrsta sinn sem Íslendingur berst við útlending hér á landi í hnefaleik. Collins, sem var miklu hærri vexti, byrjaði leikinn með mikilli hörku sem virtist koma Halldóri nokkuð á óvart. Hélt hann sig því í vörn mestalla fyrstu lotuna. Í henni miðri komst Halldór þó að og gaf Collins svo vel útilátið högg að hann fór hálfur út úr hringnum. Þótti svo horfa eftir fyrstu lotu að Collins myndi sigra. Önnur lota hófst á sömu leið en Halldór varðist vel. Fóru að sjást þreytumerki á Collins, enda hafði hann hamast mikið. Sló Halldór hann þá tvívegis í gólfið og var Collins talinn út í síðara skiptið. Ætlaði fagnaðarlátum áhorfenda þá aldrei að linna.

Húsið var þétt skipað áhugasömum áhorfendum og varð því mikill hagnaður af mótinu, rúmlega 10 þúsund krónur. Afhenti Steini box utanríkisráðuneytinu 25% hans, tæplega 2.800 krónur, er renna áttu til herstjórnarinnar fyrir afnotin af Andrewshöllinni, en

svo var íþróttahúsið á Hálogalandi nefnt. Í þakkarbréfi bandaríska sendiráðsins var óskað eftir að ÍR benti á íslenskt góðgerðarfyrirtæki er senda mætti helming upphæðarinnar. Ekki verður ráðið af gögnum hvaða tillaga var gerð eða hvort bréfinu var svarað. En um það leyti sem bréfið hefur borist félaginu var haldinn aðalfundur og stjórnarskipti urðu í félaginu.

Umbunað með bandarískum vindlingum

ÍR hélt annað innanfélagsmót sitt 11. maí 1945. Keppendur voru 18 og meðal þeirra hnefaleikamenn sem komu nú í fyrsta sinn fram opinberlega. Þar kepptu sem gestir tveir KR-ingar og fjórir enskir setuliðsmenn, úr breska flughernum. ÍR-meistarar urðu Guðjón Guðjónsson í fjaðurvigt, Bjarni Gottskálksson í léttvigt, Guðmundur Halldórsson í veltivigt, Grétar Ármannsson í léttþungavigt og Vigfús Tómasson í þungavigt.

Grétar sagði í samtali við bókarhöfund að nokkuð hefði verið um að hnefaleikamenn úr ÍR hefðu boxað við setuliðsmenn í Camp Knox á Melunum. Var þeim gjarnan umbunað með kartoni af bandarískum sígarettum. Einnig hefðu þeir reynt sig við bandaríska og breska hermenn á æfingum í ÍR-húsinu.

„Það var heilmikil þátttaka í æfingum í ÍR-húsinu. Íþróttin naut þannig mikilla vinsælda, þótti góð líkamsrækt. Það voru hins vegar mjög margir sem fóru aldrei í hringinn. Líklega hafa þeir ekki þorað því," sagði Grétar. Hann var lengi einn allra besti boxari ÍR en stundaði einnig skíði. Háði það honum að hann fótbrotnaði þrjú ár í röð á skíðum og var lengi að fá sig góðan af því.

Grétar sagði að hann minntist þess varla að hnefaleikamenn hefðu dregist inn í slagsmál á öldurshúsum eða utan við þau. Þeir voru yfirleitt þekktir og margir viljað vera með stæla við þá á slíkum stundum. „Menn forðuðust að lenda í slagsmálum, það hefði ekki þótt gott til afspurnar fyrir íþróttina sem átti sér nóg af andstæðingum," sagði Grétar. Og bætti við að þegar hnefaleikar voru bannaðir með lögum árið 1956 hefði hann sem aðrir orðið að henda öllum áhöldum sínum.

Guðjón Guðjónsson annar Íslandsmeistari ÍR-inga

Hnefaleikameistaramót Íslands, hið fjórða í röðinni, fór svo fram 1. júní 1945 í íþróttahöllinni við Hálogaland. Var keppt í öllum þyngdarflokkum, en aðeins einn leikur í hverjum flokki. Keppendur ÍR voru þrír og höfðu þjálfað vel undir leiðsögn Steina box og enskra og bandarískra hnefaleikara úr setuliðinu. Höfðu þeir hlaupið í sandfjöru úti við Gróttu flesta daga til að auka þolið. Miklar væntingar voru því gerðar til ÍR-inganna en aðeins einn þeirra uppskar sem til hafði verið sáð.

Jón Norðfjörð beið lægri hlut í fluguvigt, en í bantamvigt stóð Guðjón Guðjónsson sig með ágætum og varð Íslandsmeistari. Er hann annar Íslandsmeistarinn sem ÍR eignaðist. Jón átti eftir að verða einn fremsti hnefaleikamaður landsins en er dofnaði yfir starfinu í ÍR gekk hann til liðs við KR.

Í þungavigt keppti Thor Richardson Thors, sem hafði m.a. stundað hnefaleika í Bandaríkjunum og Þýskalandi. Beðið hafði verið af mikilli eftirvæntingu eftir viðureign þeirra Hrafns Jónssonar, heljarmennis úr Ármanni. Leikurinn stóð þó stutt eða í eina mínútu og 16 sekúndur. Á þeim tíma lá Thor fjórum sinnum í gólfinu og var talinn út í síðasta skiptið.

Thor byrjaði mjög vel og var auðséð að hann var góður hnefaleikari, þótt svo færi sem fór. Hóf hann leikinn með beinum höggum en opnaði jafnframt allar varnir. Hrafn var ekki lengi að notfæra sér það, enda með mikla keppnisreynslu. Kom höggum á Thor með þeim afleiðingum að hann féll í gólfið. Tók hann talningu þrisvar og fékk að halda áfram. Í fyrsta fallinu skall höfuð hans mjög fast niður svo að glumdi í gólfinu. Var byltan miklu verri en hún hefði annars orðið. Mun hún hafa gert hann lítt bardagahæfan og eftir það lítt um varnir frá Thors hálfu. Hringdómarinn [Óskar Þórðarson] þótti ekki starfi sínu vaxinn, leyfði m.a. Hrafni að standa yfir Thor er hann lá og var að reyna að rísa upp aftur og fékk Hrafn að slá hann eins og hann lysti.

Leið nú og beið fram til 5. desember 1945 að haldið var opinbert mót á ný, einnig á Hálogalandi. Fyrir því stóð Íþróttabandalag Reykjavíkur og þátttakendur voru frá KR, ÍR og setuliðinu. Þátttakendur frá ÍR voru tveir, Grétar Árnason og Gunnar Petersen. Grétar vann sinn leik og hafði yfirburði en Gunnar tapaði sínum eftir jafnan og ágætan leik.



Við æfingar í ÍR-húsinu við Túngötu. F.v. Halldór Björnsson ÍR, Thor Thors og Þorsteinn Gíslason þjálfari.

Deyfð tekur við í hnefaleikunum hjá ÍR við stríðslok

Hljóp nú deyfðartími í hnefaleikana hjá ÍR. Nýkjörin stjórn félagsins hafði í byrjun sumars 1945 sagt upp öllum kennurum félagsins, þ.m.t. hnefaleikakennaranum, til þess að hafa óbundnar hendur um ráðningu kennara fyrir næsta vetur.

Um haustið tóku við kennslunni þeir Grétar Árnason og Sigurður Sigurðsson en eftir stríðslok var eins og áhuginn dvínaði og fjaraði smám saman út. Eftir þetta er Grétar eini boxari ÍR sem eitthvað kveður að.

ÍR-ingar eru þó ekki alveg af baki dottnir og mættu sex á ársþingi Hnefaleikaráðsins á afmælisdegi ÍR 1946, þ.e. þeir Sigurður Sigurðsson, Grétar Árnason, Ragnar Þorsteinsson, Haraldur Árnason, Sigurpáll Jónsson og Ingólfur Steinsson.

ÍR sá ásamt Ármanni um hnefaleikameistaramótið 1946 sem fram fór 15. og 16. maí á Hálogalandi. Í undirbúningsnefnd af hálfu félagsins voru Ragnar Þorsteinsson og Sigurpáll Jónsson. Alls voru keppendur 14, í sex þyngdarflokkum. Keppendur ÍR voru tveir, Jón Zophoníasson í fluguvigt og Grétar Árnason í millivigt. Báðir kepptu til úrslita um Íslandsmeistaratitil en töpuðu úrslitabardaganum á stigum. Var leikur Grétars og Jóels B. Jakobssonar Ármanni jafn og mjög tvísýnn. Í undankeppni vann Grétar Svavar Árnason. Á mótinu var Jón Norðfjörð meistari í bantamvigt en var nú genginn til liðs við KR, sem fyrr segir.

Fjarvera ÍR-inga á mótum kom niður á íþróttinni

Ekki minnkaði doðinn yfir hnefaleikunum í ÍR. Æfingar fóru aldrei af stað haustið 1946 og í febrúar 1947 skrifaði stjórn félagsins Hnefaleikaráði Reykjavíkur og tilkynnir að þar sem félagið iðkar ekki þessa íþróttagrein að sinni hafi stjórn félagsins ákveðið að vera ekki virkur meðlimur ráðsins. Tekið var fram að félagið myndi að sjálfsögðu tilnefna mann, ef hnefaleikaíþróttin yrði tekin upp að nýju í félaginu.

Hljótt var um hnefaleika næstu misseri, bæði hjá ÍR og öðrum félögum. Kyrrstaða sem færðist í íþróttina endurspeglaðist í því að aðeins eitt félag, Ármann, átti alla keppendur, alls 16, á Íslandsmótinu 1947 sem haldið var seint í desember. Það var eðlilegt að áhuginn dvínaði því í fámennum hópi í sama félagi æfðu menn hver á móti öðrum, undir handleiðslu sama kennara, og þurftu síðan að keppa við sömu menn og fyrir sama félag ár eftir ár, með aðeins fáum undantekningum. Á Íslandsmótinu 1945 gerðu öll félögin er iðkuðu hnefaleika hérlendis virðingarverða tilraun til þess að skapa áhuga fyrir íþróttinni. Þá kom vel í ljós að frumskilyrði fyrir áhuga er góð þátttaka frá fleiri en einu félagi. Deyfðin í ÍR og KR og fjarvera þeirra á mótunum á þessu tímabili kom því niður á íþróttinni.

Nokkur bið varð á því að fjör færðist aftur í hnefaleikastarf ÍR en þó var um það rætt í stjórn félagsins í október 1950, og menn því hlynntir, að hefja samvinnu við KR um æfingar í þessari íþróttagrein þannig að KR legði til kennara en ÍR húsnæði. Smáfjör færðist aftur í íþróttina og á hnefaleikameistaramóti KR 1950, sem fram fór 3. mars, keppti Grétar Árnason ÍR sem gestur og sigraði í millivigt. Vann hann Rögnvald Þ. Rögnvaldsson KR með nokkrum yfirburðum.

Grétar sótti án afláts og hafði fram sigur á markvissari höggum

Á hnefaleikameistaramóti Íslands 1950, hinu áttunda í röðinni, haldið á Hálogalandi 28. apríl, varð Grétar svo Íslandsmeistari í léttþungavigt. Vann Alfons Guðmundsson Ármanni í jafnri keppni tveggja góðra hnefaleikamanna.

Fyrstu lotuna hófu þeir mjög hægt en síðan fór hún harðnandi, einkum eftir að Grétari heppnaðist að koma inn áhrifamiklu bringsmalahöggi eftir að hafa hrakið Alfons út í eitt hornið, eins og segir í frásögn *Sportblaðsins* af mótinu. Alfons bjargaði sér undan áframhaldandi sókn með því að grípa utan um Grétar og hanga á honum. Leitaði hann eingöngu eftir að hitta kraftmiklu útsláttar-sveifluhöggi sem Grétar lét missa marks með því að fara að mótstöðumanni sínum. Lentu höggin því oftast á baki hans eða framhandleggur slóst í öxl hans. Með þessu skópust sigurmöguleikar fyrir Grétar sem vegna þessa kom inn fleiri höggum á Alfons. Grétar beitti einkum stuttum vinstrihandarsveiflum, háum og djúpum á víxl. Lagði hann einkum áherslu á djúpu höggin sem hann hafði gott vald á og eyddi með þeim úthaldi Alfonsar.

„Í byrjun annarrar lotu reynir Alfons að koma Grétari út í kaðlana, þó einkum afkróa hann í horni og koma á hann útsláttarhöggi. Grétar bjargaði sér frá þessum hættulegu stöðum með gagnhöggum (contra). Mjög áhrifamikil högg sem fáir kunna að nota réttilega," segir Sportblaðið einnig. Grétar kom á Alfons mörgum djúpum sveifluhöggum og murkaði smám saman úthaldið úr honum og náði algjörlega yfirhendinni. Alfons náði þó seint hægrihandar -krókhöggi sem Grétar vankaðist við og hindraði frekari sókn af hans hálfu. Vegna þreytu hafði Alfons svo ekki úthald til að fylgja högginu eftir.

Grétar braut allar tilraunir mótherja síns á bak aftur í þriðju lotunni. Var sá orðinn mjög þreyttur og högg hans máttlítil og áhrifalaus. Sótti Grétar án afláts og hafði fram sigur á markvissari höggum sem höfðu að baki sér líkamsþyngd hans. Fótavinna hans var og léttari og hreyfanlegri og var Grétar greinilega sneggri boxari.

Að launum fékk Grétar eftirminnilegan verðlaunagrip. „Þetta er ábyggilega minnsti bikar sem veittur hefur verið á ævinni. Maður þarf stækkunargler til að sjá hann, svo lítill er hann," sagði Grétar við bókarhöfund.

Sókn hans var markviss og stílhrein

Reykjavíkurfélögin þrjú, Ármann, ÍR og KR, sendu öll keppendur til Íslandsmótsins og var því meiri stemn-

ing yfir því. Fjölmiðlar kyntu undir áhuganum og birti Morgunblaðið mynd af Grétari Árnasyni með kynningu sinni og spáði hörðum og jöfnum leik milli þeirra Alfons. Reyndist blaðið sannspátt, Grétar vann eftir allharðan og skemmtilegan leik og var að mati gagnrýnanda blaðsins, Tryggva Thorstensen, einn þriggja bestu hnefaleikamanna mótsins. Tryggvi ritaði svo um viðureignina:

Í léttþungavigt áttust við þeir Grétar Árnason ÍR og Alfons Guðmundsson Á. – Leikur þeirra var allharður og fjörugur. Skiptust þeir á þungum höggum. Bjóst ég við að Alfons myndi í upphafi hafa meiri möguleika til sigurs, en þegar á leikinn dró sótti Grétar í sig veðrið og var í stöðugri sókn í þriðju lotu. Í leikslok var Alfons mjög aðframkominn enda fengið mörg vel útilátin högg frá mótherja. Sigraði Grétar á stigum. – Báðir þessir keppendur eru góðir hnefaleikamenn, en Grétar sýndi meiri lipurð og mýkt í hreyfingum og staðsetning góð.

Guðmundur Arason, einn kunnasti hnefaleikamaður landsins, skrifaði í Íþróttablaðið og lýsti viðureigninni á eftirfarandi hátt:

Byrjunin var heldur hæg og sótti Grétar heldur meira, lotan var samt í alla staði jöfn. Alfons lagði meira upp úr sveifluhöggum, þó að hann notaði einnig bein högg. Grétar notaði aftur á móti mest bein högg og var það skynsamlegra svona til að byrja með. Aðra lotuna byrjar Alfons vel, hann kemur strax inn beinni vinstri hátt, síðan djúpt, svo fylgir hægra sveifluhögg hátt á eftir, sem situr vel. Grétar svimar auðsjáanlega, en þá er eins og Alfons skorti úthald til þess að fylgja á eftir. Grétar fær nú tíma til að jafna sig og vinnur þetta upp aftur með rólegri og markvissri sókn. Þessi lota var einnig mjög jöfn, þótt Grétar hafi átt öllu meira í henni. Í þriðju lotu hefur Alfons einnig sókn, er tekst vel, en þegar á skal herða er úthaldið gersamlega búið. Grétar notar sér vel úthald sitt, en hann var sem óþreyttur. Hann vann ekki á neinni sérstakri snerpu, en sókn hans var markviss og stílhrein. Yfirburðir Grétars í síðustu lotunni stöfuðu ekki af því, að hann hefði mikla tæknilega yfirburði, heldur fyrst og fremst af góðu úthaldi. Leikur þeirra var í alla staði drengilegur og var Grétar vel að sigrinum kominn.

Ekki varð mótið sú vítamínsprauta sem efni stóðu til því aftur dofnaði yfir hnefaleikastarfinu hjá ÍR og átti félagið ekki keppendur eftir þetta á mótum. Engin mót voru yfirhöfuð haldin árið 1951. Þótt áhugi væri fyrir hnefaleikum meðal forystumanna félagsins háði það framgangi íþróttarinnar að kennara vantaði. Fjaraði starfsemin því smám saman út hjá ÍR. Þó var ekki hætt að boxa í ÍR-húsinu því hnefaleikadeild KR fékk þar aðstöðu til æfinga veturinn 1952–53.

Ekki um það að ræða að hunsa bannið

Hnefaleikarnir lifðu bæði áhuga- og deyfðartímabil og það jafnvel með jöfnu millibili, bæði hjá ÍR og öðrum félögum borgarinnar. Íþróttin var laus í reipunum í fyrstu og átti allerfitt uppdráttar. Hlaut hún jafnan harða gagnrýni hjá fjölda fólks, ekki síst í fyrstu enda kapp oftar meira en forsjá á fyrstu hnefaleikamótunum. Virtist þó íþróttin að ýmsu leyti eiga vel við skapgerð Íslendinga, eins og segir í frétt Morgunblaðsins í september 1935 um hnefaleikakennslu Steina box. Líklegt má telja að hana hafi skrifað Kjartan Þorvarðsson, íþróttaritstjóri blaðsins, sem þótti einn áhugasamasti og besti stuðningsmaður hnefaleika hér á landi. Mun hann hafa átt mestan þátt í að ÍSÍ tók hnefaleika á stefnuskrá sína 1933.

Þjálfunin og keppnin þróaðist til betri vegar en ætíð áttu hnefaleikarnir þó sína mótstöðumenn sem töldu þá bæði óíþróttalegt og hættulegt heilsu manna að berja andstæðing sinn til óvígis. Af mörgum, jafnvel forráðamönnum íþróttamála, var talað um boxið sem kjaftshöggasportið. Náðu deilurnar inn á Alþingi, sem 19. desember 1956 samþykkti lög um bann við æfingum, keppni og kennslu í hnefaleikum.

Það segir Steini box að hafi verið þjóðarslys. Ekki var um að ræða að hunsa bannið og boxa í felum því strangt var fylgst með því að bannið væri virt. Þá gerði lögreglan upptæk öll áhöld, hanska og púða, og fjársekt lá við því að eiga eða vera með boxhanska í fórum sínum. Þorsteinn segist hafa fengið nokkrar bætur fyrir upptöku áhalda en með banninu hafi hann orðið af miklum tekjum. Hann átti eftir að upplifa það rúmum 40 árum seinna að iðkun hnefaleika var leyfð á ný og Íþrótta- og ólympíusambandið (ÍSÍ) tók íþróttina upp á arma sína. Innan ÍR hefur íþróttin ekki verið endurreist enda fyrst og fremst stunduð í sérstökum hnefaleikafélögum.